

Skýrsla stjórnarformanns 2014

STÖRF STJÓRNAR

Frá aðalfundi SAM 5. mars 2014 hefur stjórn SAM haldið níu bókaða fundi.

Á fundum stjórnar var reglulega fjallað um framleiðslu, sölu og birgðir mjólkurvara og rekstur SAM. Einnig fjallaði stjórn SAM um mjólkuruppgjör árána 2013 og 2014 og gerði tillögu að greiðslumarki fyrir verðlagsárið 2015.

Önnur mál sem stjórn SAM hefur unnið að frá síðasta aðalfundi eru stefna SAM og LK um fyrirmyndarbú, verðhlutföll efnabátta mjólkur sem keypt er af framleiðendum, nýir ríkisstuðlar til umreiknings mjólkurvara yfir í fitu- og próteingrunn mjólkur og örðuleika íslendinga á að komast í nám í mjólkuriðn. Síðast en ekki síst fjallaði stjórn SAM um árás Samtaka atvinnulífsins (SA) á landbúnaðinn í stefnumörkun SA, þar sem SA lagði fram tillögur um störfelldar breytingar í rekstrarumhverfi landbúnaði án þess að hafa nokkurt samband við aðildarfélög SA sem starfa við vinnslu og sölu landbúnaðarafurða.

Frá síðasta aðalfundi hefur stjórn SAM tilnefnt eða skipað fulltrúa í:

Starfshóp um stefnumörkun í mjólkurframleiðslu;

Tilnefndur var Egill Sigurðsson og til vara Rögnvaldur Ólafsson.

Verðlagsnefnd mjólkuriðnaðarins;

Tilnefnd voru Pálmi Vilhjálmsson og Guðrún Sigurjónsdóttir; en til vara Einar Sigurðsson

Fagráð nautgriparæktarinnar;

Tilnefndur var Björn S. Gunnarsson.

Samráðsnefnd SAM og Bændasamtaka Íslands;

Skipaðir voru Jóhannes Ævar Jónsson, Rögnvaldur Ólafsson og Pálmi Vilhjálmsson, en til vara Egill Sigurðsson.

Fræðslunefnd mjólkuriðnaðarins;

Skipaðir voru Guðni Ágústsson, Björn S. Gunnarsson og samkvæmt tilnefningu LK Baldur Helgi Benjamínsson.

FRAMLEIÐSLA OG SALA MJÓLKURVARA 2014

Mjólkurframleiðsla jókst á árinu 2014 og var 133,5 milljónir lítra hjá aðildarfélögum SAM en árið 2013 var framleiðslan 122,9 milljónir lítra.

Meðalinnvigtun mjólkurinnleggjenda 2014 var 205.406 lítrar og jókst um 18.606 lítra á árinu. Mjólkurframleiðendur í árslok voru 650 og hafði fækkað um átta á árinu.

Greiðslumark verðlagsársins 2014 var 125 milljónir lítra. Hjá aðildarfélögum SAM var tekið á móti 133.513.735 lítrum og mjólk umfram greiðslumark var 8.573.812 lítrar.

Greiðslumark verðlagsársins 2015 hefur verið ákveðið samkvæmt tillögu SAM 140 milljónir lítra. Þetta er fjórða árið í röð sem greiðslumark er hækkað og hefur greiðslumark hækkað um 25,5 milljónir lítra frá árinu 2012, eða rúm 22%.

Sala mjólkurvara árið 2014 var góð og jókst salan hvort sem litið er til sölu umreiknaða á fitu- eða próteingrunn. Á fitugrunni nam sala árið 2014 tæpum 129 milljónum lítra sem var um 4,8% aukning frá

árinu 2013. Á próteingrunni nam salan um 121 milljónum lítra og jókst um 1,4% á milli ára. Sala á fitugrunni var um 8 milljónum meiri en sala á próteigrunni, en árið 2013 var sala á fitugrunni 3 milljónum lítra meiri en á próteingrunni.

Innflutningur mjólkurafurða minnkaði um 72 tonn á milli ára. Mestur var samdráttur í innflutningi á viðbiti, 89 tonn, en innflutningur á ostum jókst um 23 tonn. Innflutningurinn á árinu 2014 samsvarar um 2,5 milljón lítrum af mjólk á próteingrunni og um 1,8 milljón lítrum á fitugrunni.

Útflutningur mjólkurafurða minnkaði á árinu 2014, alls um 20%. Útflutningur á viðbiti minnkaði um 130 tonn, á ostum um 63 tonn og á undanrennudufti um 30 tonn. Útflutningur á skyri var nær óbreyttur frá árinu 2013.

Febrúar 2015

Rögvaldur Ólafsson stjórnarformaður